

Nd.

**213. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 44, 10. nóvember 1905.

Frá Tryggva Bjarnasyni, Ólafi Briem, Sigurði Sigurðssyni.

Greinin orðist þannig:

Ef þurfalingur fer eftir læknisráði á sjúkrahús, annað en holdsveikra-  
spítala, hvort heldur er innanlands eða utan, þá kostar framfærslusveit hans  
dvöl hans þar, lyf og læknishjálp, allt að 150 kr. á ári. Það sem fram yfir er  
150 krónur greiðist af landssjóði að  $\frac{2}{3}$  hlutum, en framfærslusveit að  $\frac{1}{3}$ .  
Þó greiðir landssjóður aldrei kostnað þenna, nema fyrir 3 þurfalinga úr einu  
og sama sveitartjélagi eða bæjarfjélagi.